

Mæður á þriðju vaktinni í kórónaveirufaraldrinum

ANDREA HJÁLMSDÓTTIR, lektor við Háskólann á Akureyri

VALGERÐUR S. BJARNADÓTTIR, nýdكتور við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

ÚTDRÁTTUR: Ljóst er að kórónaveirufaraldurinn sem herjað hefur á heimsbyggðina frá því í ársbyrjun 2020 hefur haft ófyrirsjáanleg og margþætt samfélagsleg áhrif. Barnafjölskyldur eru þar ekki undanskildar, en á tímum harðari samkomutakmarkana en flestir hafa upplifað í samtímanum hefur líf barna og foreldra þeirra raskast mikið. Í þessari grein er sjónum sérstaklega beint að upplifun mæðra í gagnkynja parasamböndum og hvernig þær sinntu tilfinningavinnu og hugrænni byrði í daglegu lífi í kjölfar hertra samkomutakmarkana í fyrstu bylgju faraldursins. Rannsóknin byggir á persónulegum, opnum dagbókarfærslum tæplega fjörutíu mæðra yfir tveggja vikna tímabil í mars og apríl vorið 2020. Niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar undir tveimur meginþemum. Fyrra þemað varpar ljósi á birtingarmyndir tilfinningavinnunnar sem mæðurnar lýstu endurtekið í hugleiðingum sínum. Seinna þemað endurspeglar þá miklu hugrænu byrði sem þær upplifðu, sem kristallaðist meðal annars í ábyrgð þeirra á að skipuleggja og verkstýra verkefnum heima fyrir. Því fylgdi mikið álag, enda þurftu þær að endurskipuleggja veruleika sinn og taka ákvarðanir sem þær höfðu ekki staðið frammi fyrir að taka áður.

LYKILORD: Verkaskipting kynjanna – Tilfinningavinna – Hugræn byrði – Kórónaveirufaraldurinn

ABSTRACT: The paper explores the gendered realities of work-life balance in Iceland during the Covid-19 pandemic, in particular how these societal changes reflect and affect the gendered division of unpaid labour, such as childcare, household chores, and mental load. The study draws on written, open ended real-time diary entries, collected daily for two weeks during the peak of the first wave of the pandemic, in March and April 2020. The entries represent the voices of 37 mothers in heterosexual relationships. The findings show how burdened the mothers were in their everyday life during the first wave of the pandemic, juggling time between work and childcare. Their words reflected a reality in which they shouldered more of the housework and childcare than their partners and took on intense emotional labour as they tried to keep everyone calm and safe.

Furthermore, the mothers described how the mental load, which involves the division of tasks at home, lay on their shoulders, as well as difficult decision making, causing them stress and frustration.

KEYWORDS: Gendered division of labor – Emotional work – Mental load – Covid-19

Inngangur

Ljóst er að kórónaveirufaraldurinn sem herjað hefur á heimsbyggðina frá því í ársbyrjun 2020 hefur haft ófyrirsjáanleg og margþætt samfélagsleg áhrif. Barnafjölskyldur eru þar ekki undanskildar, en á tímum harðari samkomutakmarkana en flestir hafa upplifað í samtímanum hefur líf barna og foreldra þeirra raskast mikið. Sú staða hefur óneitanlega vakið upp spurningar um tækifæri foreldra til að sinna heimilishaldi, umönnun og námi barna samhliða vinnu utan heimilis, ekki síst frá sjónarhóli kynjajafnréttis. Rannsóknir á kynjuðum veruleika fjölskyldufólks benda til þess að ábyrgð á heimilishaldi í „venjulegu“ ástandi sé mun meira á herðum kvenna (Alon o.fl., 2020; Carlson o.fl., 2020; Friedman, 2015; Knight og Brinton, 2017; Miller, 2018; Schwanen, 2007), þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku kvenna í hinum vestræna heimi. Það er því ljóst að á mörgum sviðum stóðu mæður og feður ekki jafnfætis þegar faraldurinn hófst (Fortier, 2020), ekki síst hvað varðar umönnun barna og heimilisstörf. Það þarf því ekki að koma á óvart að faraldurinn hafi haft önnur og víðtækari áhrif á líf mæðra en feðra.

Samkvæmt niðurstöðum erlendra rannsókna á áhrifum faraldursins hafa mæður verið líklegri en feður til þess að hverfa af vinnumarkaði eða lækka starfshlutfall sitt til að sinna námi og umönnun barna í faraldrinum (Alon o.fl., 2020; Andrew o.fl., 2020; Carlson o.fl., 2020; Fortier, 2020). Þá sýna rannsóknir, t.d. frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Englandi, Kanada og Ítalíu, að foreldrar hafa verið undir miklu álagi á meðan faraldurinn hefur geisað og að mæður hafi varið enn meiri tíma í ólaunaða vinnu en áður (Andrew o.fl., 2020; Carlson o.fl., 2020; Collins o.fl., 2020; Craig og Churchill, 2020; Hennekam og Shymko, 2020; Manzo og Minello, 2020; Power, 2020; Qian og Fuller, 2020). Frumniðurstöður íslenskrar rannsóknar benda til þess að hið sama sé uppi á teningnum hér á landi, þ.e. að mæður hafi varið mun meiri tíma í heimilisstörf og umönnun en feður í faraldrinum og hafi frekar upplifað aukið álag (Háskóli Íslands, 2021). Jafnvel hefur verið talað um hættu á bakslagi hvað kynjajafnrétti varðar og varað við skaðlegum afleiðingum fyrir velferð kvenna (Qian og Fuller, 2020).

Faraldurinn hefur ekki síst dregið fram mikilvægi launaðra og ólaunaðra umönnunarstarfa, sem löngum hafa verið á herðum kvenna, innan og utan heimilis. Bjørnholt (2020) færir raunar rök fyrir því að ástandið hafi dregið fram í dagsljósið þann veruleika, sem feminískt fræðafólk hefur bent á lengi, að umönnun sé undirstaða hvers samfélags og öll önnur virkni þess byggir á henni, líka innan hagkerfisins (sjá einnig da Silva, 2019; Power, 2020). Mikilvægur þáttur þeirrar umönnunar sem á sér stað á krísutímum sem þessum felst í ósýnilegri vinnu sem unnin er inni á heimilum, til dæmis tilfinningavinnu (e. *emotional work*), þar sem meðal annars er reynt að stuðla að öryggi og vellíðan heimilisfólks. Annað dæmi er það sem kallað hefur verið hugræn byrði (e. *mental load*), en hún felur meðal annars í sér ábyrgð á verkstjórn á þeim verkefnum sem þarf að inna af hendi svo að heimilislífið gangi upp frá degi til dags. Segja má að þessi vinna falli undir það sem hefur verið kallað „þriðja vaktin“, og er þá vísað til vel þekktra skrifa Hochschild og Machung (1989) um aðra vaktina (e. *second shift*). Þessi störf sem konur inna af hendi til viðbótar við launuð störf á vinnumarkaði eru krefjandi og tímafrek og þar af leiðandi er erfitt að líta fram hjá þeim áhrifum sem þau geta haft á stöðu kvenna á öðrum sviðum.

Í þessari grein er sjónum sérstaklega beint að upplifun mæðra í gagnkynja parasamböndum og hvernig þær sinntu tilfinningavinnu og hugrænni byrði í daglegu lífi í kjölfar hertra samkomutak-

markana. Rannsóknin byggir á persónulegum, opnum dagbókarfærslum tæplega fjörutíu mæðra yfir tveggja vikna tímabil í mars og apríl vorið 2020. Gögnin sem þessi grein byggir á er hluti af stærri rannsókn (sjá Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2020) þar sem markmiðið var að öðlast skilning á áhrifum Covid-19 á daglegt líf barnafjölskyldna á Íslandi, með sérstakri áherslu á að varpa ljósi á verkaskiptingu kynjanna og upplifun mæðra af samræmingu launaðrar og ólaunaðrar vinnu í fyrstu bylgju kórónaveirufaraldursins.

Í samfélagi jafnréttis?

Íslendingar þykja almennt standa sig vel í jafnréttismálum, en í rúman áratug hefur Ísland trónað á toppi lista Alþjóðaeftahagsráðsins (e. *World Economic Forum*) sem mælir jafnrétti kynjanna hvað varðar efnahag, pólitíska stöðu, menntun og heilbrigði (World Economic Forum, 2020). Þessi árangur hefur vakið athygli og segja má að hann hafi verið dreginn fram sem hluti af sjálfsmynd Íslands í samfélagi þjóðanna (Þorgerður J. Einaradóttir, 2020). Enn fremur hefur staða Íslands verið leiðarstef í vörumörkun (e. *branding*) í utanríkisþjónustu landsins (Kristín Sandra Karlsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir, 2020).

Menntunarstig íslenskra kvenna hefur hækkað jafnt og þétt á síðustu áratugum og atvinnuþáttaka þeirra er meðal þess sem mest gerist á meðal OECD-landa. Það sama á við um atvinnuþátttöku karla (OECD, 2020; Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017), þannig að ljóst er að í alþjóðlegum samanburði vinna íslenskir foreldrar mjög mikið. Hér, líkt og annars staðar, er þó algengara að konur fremur en karlar vinni hlutastörf og í kjölfar barneigna eru konur líklegri til að lækka starfshlutfall í launaðri vinnu (Ingólfur V. Gíslason og Sunna Símonardóttir, 2018). Þrátt fyrir að lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja hafi verið sett árið 2013 eru konur enn í minnihluta þeirra sem gegna valdastöðum í samfélaginu, bæði hjá hinu opinbera og í einkafyrirtækjum (Ólöf Júlíusdóttir o.fl., 2018). Launamunur kynjanna hefur verið viðvarandi hér á landi og árið 2017 var óleiðréttur launamunur kynjanna 15,3% (Hagstofa Íslands, 2020). Þá benda rannsóknir til þess að konur hér á landi beri enn meiri ábyrgð á heimilishaldi og barnauppeldi, og þó þátttaka feðra í umönnun barna hafi vissulega aukist virðast heimilisstörfin að einhverju leyti sitja eftir, ekki síst skipulag og utanumhald fjölskyldulífsins (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einaradóttir, 2019; Ásdís A. Arnalds o.fl., 2013; Ingólfur V. Gíslason og Sunna Símonardóttir, 2018; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2012).

Ákveðnar vísbendingar eru því um sprungur í fyrrnefndri glansmynd Íslands sem jafnréttisparadísar. Raunar hefur verið bent á að ekki megi líta fram hjá því að mælingar á jafnrétti, líkt og sú sem framkvæmd er af Alþjóðaeftahagsráðinu, hafa sínar takmarkanir og mæla til dæmis ekki stöðuna á heimilum, kynbundið ofbeldi eða samfélagsleg viðhorf og gildi (Þorgerður J. Einaradóttir, 2020). Það er í það minnsta nokkuð ljóst að þessi mikli árangur á oft og tíðum þröngum jafnréttismælikvörðum ber þessi ekki merki að hér hafi kynjaðir samfélagsstruktúrar verið brotnir niður. Jafnvel má færa rök fyrir því að þessi árangur gæti valdið stöðnun, þar sem ímyndarsköpun Íslands sem jafnréttisríkis hefur ýtt undir það sem Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) kallar áru kynjajafnréttis. Henni má lýsa sem félagslegu ferli eða fyrirbæri „þar sem konur og karlar sannfæra sjálf sig um að jafnrétti ríki þrátt fyrir að raunin sé önnur“ (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012, bls. 6). Ára kynjajafnréttis ýtir þannig undir hugmyndir okkar um að á Íslandi ríki kynjajafnrétti þrátt fyrir að svo sé ekki, bæði á vinnumarkaði og á heimilunum. Sjálfsmynd þjóðar er svo að einhverju leyti byggð á þessari tálsýn.

Hvernig má það vera að jafnvel svokallað „fyrirmyndarríki“ í jafnréttismálum, þar sem formlegt og lagalegt jafnrétti hefur verið tryggt, eigi enn svo langt í land með að ná kynjajafnrétti? Til að hjálpa okkur að skilja samfélagslega undirskipan kvenna í nútímasamfélögum eins og á Norðurlöndunum hefur Anna G. Jónasdóttir (2011) þróað kenningu um ástarkraftinn þar sem hún leitast eftir að skýra hvernig ást viðheldur og endurskapar sífellt ójafna stöðu fólks í gagnkynja parasamböndum. Hún telur að þar sé meðal annars að verki ójöfnuður sem skapast vegna ójafnvægis í því hvernig ástarkraftar (e. *love power*) deilast á milli fólks í ástarsamböndum. Þar hagnast karlar meira á ástum

kvenna heldur en öfugt, þar sem þeir eru gjarnan í valdameiri stöðu og leggja minna af mörkum til heimilisverka og umönnunar barna (Anna G. Jónasdóttir, 2011; 2018).

Anna lýsir ástinni sem bæði skapandi og valdeflandi; við gefum og þiggjum af kröftum hennar, en á sama tíma getur hún falið í sér nokkurs konar arðrán á krafti þeirra sem gefa meira af henni en þeir þiggja. Arðrán þarf ekki að þýða nauðung, misnotkun eða óhamingju heldur felur það í sér að annar aðilinn í sambandinu hagnast meira á því en hinn. Birtingarmynd þess er til dæmis sú staðreynd að konur eru líklegri til að taka á sig aukna byrði sem krefst ástarkrafta er kemur að börnum og heimili, sem síðan getur haft í för með sér að konur nái síður frama á vinnumarkaði. Hinn sami ástarkraftur gefur karlkyns mökum þeirra aftur á móti aukið svigrúm til að einbeita sér að störfum sínum utan heimilis (Anna G. Jónasdóttir, 2011; 2014; 2018). Þannig geta félagsleg tengsl sem byggja á ást verið einn grundvallarþáttur þess að viðhalda ójafnri stöðu kynjanna í nútímasamfélögum (Anna G. Jónasdóttir, 2011; 2014), jafnvel þeim sem kenna sig við jafnrétti eins og Ísland. Það er því mikilvægt að kraftar ástarinnar séu skoðaðir með gagnrýnum hætti þegar kemur að stöðu kynjanna og samspili ástarinnar og hlutverks, reynslu og stöðu fólks í (gagnkynja) parasamböndum, ekki aðeins hvað varðar umhyggju og ólaunaða vinnu heldur einnig hvernig félagsleg tengsl okkar sem kynverur hafa áhrif á stöðu og hlutverk kynjanna – bæði í opinbera lífinu og einkalífinu (Ferguson og Jónasdóttir, 2014).

Þegar sögulegt samhengi kynjaðra hlutverka er skoðað út frá sjónarhorni kenninga um ástarkraftinn er lögð áhersla á að varpa ljósi á þá samfélagslegu formgerð og þau persónulegu sambönd sem hafa mótað hugmyndir um hlutverk kynjanna (Bryson, 2011). Kynjakerfið er þannig nátengt kapítalísku hagkerfi í samfélagi nútímans þar sem arðrán á sér stað í jafnt launuðum sem ólaunuðum störfum. Hér má hafa í huga að ástarvinnan í (gagnkynja) parasamböndum, sem byggir á umhyggju og erótískri ást, bæði viðheldur og endurskapar hið ójafna kynjakerfi í samspili við hagkerfið og gengur á ástarkrafta kvenna í ríkara mæli en karla (Anna G. Jónasdóttir, 2011; 2014). Í því ljósi er mikilvægt að skoða vel samspil fjölskyldulífs og vinnumarkaðar og hvernig vald og verkaskipting birtist í daglegu lífi fjölskyldufólks.

Tilfinningavinna og hugræn byrði

Hugtakið tilfinningavinna hefur í nokkurn tíma verið notað í rannsóknum á verkaskiptingu í fjölskyldum en það kemur úr smiðju félagsfræðingsins Hochschild (1983). Í rannsóknum sínum hefur hún skilið á milli þeirra starfa á launuðum vinnumarkaði sem krefjast þess að sýndar séu ákveðnar tilfinningar (e. *emotional labor*) og þeirrar tilfinningavinnu er tengist þeim störfum sem krefjast umhyggju og innt eru af hendi í einkalífinu (e. *emotional work*), einkum af konum (Hochschild, 1983; Erickson og Ritter, 2001). Erickson (2005) hefur til að mynda bent á það að hinn félagslega smíðaði veruleiki um hlutverk karla og kvenna spái frekar en líffræðilegt kyn fyrir um ábyrgð á tilfinningavinnu í fjölskyldum. Tilfinningavinna innan fjölskyldna felur í sér að viðkomandi hlúir að velferð annarra fjölskyldumeðlima, svo sem barna, maka, foreldra og annarra skyldmenna (Curran o.fl., 2015), oft með þeim tilkostnaði að fela eigin tilfinningar og upplifanir.

Fræðafolk hefur dregið tilfinningavinnu fram sem einn flokk heimilisstarfa, auk almennra heimilisstarfa og umönnunar barna (Robertson o.fl., 2019). Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að bæta við fjórða flokknum til að fanga þau störf sem eru ósýnileg, líkt og tilfinningavinnan, en fela í sér skipulag, ákvarðanatöku og utnumhald daglegs lífs fjölskyldunnar. Þann flokk má kalla hugræna byrði (e. *mental work*), en sú byrði felur í sér skipulag og verkstjórn á heimilislífinu, þ.e. ábyrgð á að nauðsynleg verkefni séu framkvæmd og að aðrir fjölskyldumeðlimir muni eftir verkefnum sínum í daglegu lífi (Robertson o.fl., 2019). Ekki er hægt að útvista hinni hugrænu byrði til einhvers sem ekki er hluti af fjölskyldunni og flest bendir til þess að þess að í gagnkynja parasamböndum beri mæður hitann og þungann af hinni hugrænu byrði og séu verkstjórar heimilanna (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Ciciolla og Luthar, 2019; Curran o.fl., 2015;

Robertson o.fl., 2019). Hugræn byrði er þannig kynjað fyrirbæri líkt og tíminn (Bryson, 2016; Daminger, 2019).

Líkt og bent hefur verið á krefst umhyggja bæði skipulags og tilfinninga (Björnholt, 2020) sem bætast við hin daglegu verk heimilishaldsins og það álag sem verkstjórninni fylgir getur komið niður á almennri velferð mæðra, ánægju með lífið og lífsgæðum (Andrea Hjalmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Ciciolla og Luthar, 2019; Daminger, 2019), ekki síst þar sem slík vinna fer gjarnan fram hjá öðrum fjölskyldumeðlimum, án þess þó að minnka upplifaða streitu og álag sem henni fylgir (Ciciolla og Luthar, 2019; Craig og Brown, 2017). Í nýlegum rannsóknum á fjölskyldum og verkaskiptingu innan þeirra er sífellt algengara að reynt sé að kortleggja þessa ósýnilegu vinnu og áhrif hennar á stöðu fólks og lífsgæði, enda mikilvægt að gefa þessum þáttum í fjölskyldulífinu gaum í samhengi við stöðu kynjanna á öðrum vettvangi (Ciciolla og Luthar, 2019; Daminger, 2019). Hin kynjaða tilfinningavinna og hugræna byrði tekur talsverðan tíma frá konum, en rannsóknir benda í því samhengi til þess að karlar hafi almennt meiri stjórn á tíma sínum en konur og þær eru líklegri til að gera marga hluti í einu (e. *multitask*), enda gerðar meiri kröfur til tíma þeirra vegna ólaunaðra starfa innan heimilisins (Bryson, 2016; Bryson og Deery, 2010; Friedman, 2015; Rafnsdóttir og Heijstra, 2013; Sullivan og Gershuny, 2018), bæði sýnilegra og ósýnilegra. Rannsóknir benda jafnframt til þess að ung börn leiti frekar hjálpar og athygli frá mæðrum en feðrum, og mæður upplifa tíma sinn þar af leiðandi meira brotinn upp og í minni samfellu (Collins, 2020; Collins o.fl., 2020; Sullivan og Gershuny, 2018). Það getur verið mikil áskorun þegar vinna hefur færst inn á heimilið líkt og í Covid-19. Hér er enda um tíma- og orkufreka iðju að ræða en það getur reynst erfitt að draga þessa þætti fram í rannsóknum þar sem þeir eru gjarnan duldir og samofnir annarri og sýnilegri vinnu sem fram fer innan og utan heimilis (Robertson o.fl., 2019). Á krísutímum eins og þeim sem við höfum upplifað á árinu 2020 er mikilvægt að fanga og draga fram félagslegan veruleika fjölskyldufólks, því ætla má að á tímum óvæntra atburða opinberist duldir samfélagslegir strúktúrar og leikreglur.

Aðferðir og gögn

Þann 28. febrúar 2020 greindist fyrsta kórónuveirutilfellið hér á landi og tveimur vikum síðar boðuðu stjórnvöld fyrstu aðgerðir samkomutakmarkana þegar lagt var bann við að fleiri en 100 kæmu saman. Þann 16. mars var svo framhalds- og háskólum lokað en starfsemi grunn- og leikskóla var skert til muna. Þann 24. mars voru síðan kynntar enn hertari aðgerðir og auk framhalds- og háskóla var sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, börum og söfnum lokað. Fjöldatakmarkanir voru í verslunum og á veitingastöðum. Allt íþrótta- og tómstundastarf var lagt af tímabundið og tónlistarkennsla færðist inn á heimilin í gegnum fjarfundabúnað. Samkomutakmarkanir voru nú miðaðar við 20 manns og fólki var gert að halda tveggja metra fjarlægð. Fólk var eindregið hvatt til heimavinnu væri þess kostur. Kapp var lagt á að halda grunn- og leikskólum opnum og var sveitarfélögum gert að útfæra leiðir til þess. Takmarkanir urðu þó óhjákvæmilega miklar á skólastarfinu, sem hafði í för með sér að nemendur voru mikið heima og færðist hluti námsins inn á heimilin meðan á ströngustu samkomutakmörkunum stóð (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2021). Þetta er veruleikinn sem rannsóknin fór fram í, en dagbókarfærslur mæðranna voru skrifaðar í fyrstu bylgju faraldursins, nánar tiltekið í mars og apríl 2020.

Notast var við rauntímadagbókarskráningar (Bolger o.fl., 2003), þar sem þátttakendur höfðu frjálssar hendur við að skrá upplifanir, reynslu og daglegar athafnir. Þátttakendum var fylgt eftir yfir tveggja vikna tímabil og fengu daglega rafrænt skráningarform þar sem þau voru beðin um að skrá persónulegar hugleiðingar um breytingar á lífi sínu á tímum samkomutakmarkana, verkaskiptingu á heimilinu og annað sem þau vildu deila með rannsakendum á þessu tímabili. Jafnframt voru þau beðin um að merkja við hversu miklum tíma þau vörðu í umönnun barna, aðstoð við heimanám og hin ýmsu heimilisverk. Þannig var rannsóknin sett upp sem blanda af stöðluðum skráningum á tíma

sem varið er til ákveðinna verka á heimilum og opnum dagbókarhugleiðingum (Kan, 2008; Kitterød og Lyngstad, 2005). Tímaskráningarnar (t.d. Bonke og McIntosh, 2005) höfðu meðal annars það hlutverk að vera kveikja fyrir hugleiðingar hvers dags, en þessi grein byggir eingöngu á opnu hugleiðingunum. Fyrri vika dagbókarskráninganna hófst þann 26. mars 2020, sem var í vikunni fyrir páska. Þátttakendur hófu skráningar aftur að loknu páskaeyfi, en seinni vika rannsóknarinnar fór fram 7.–14. apríl.

Samkvæmt Bolger og félögum (2003) eru dagbókarrannsóknir tilvaldar til þess að fanga daglega reynslu og upplifun þátttakenda. Þar sem þær byggja á skráningu frá degi til dags má gera ráð fyrir að reynsla og upplifun þátttakenda sé þeim í fersku minni og líkurnar á því að það reyni á minni fólks eru í lágmarki. Því má gera ráð fyrir að gögnin verði ríkulegri og að mikilvægt samhengi atburða og reynslu í daglegu lífi fólks glattist síður í rannsókn af þessu tagi, þar sem gögnum er safnað í raun-tíma. Það á ekki síst við um rannsóknir á tímum óvenjulegra eða fordæmalausra atburða líkt og nú.

Notast var við sjálfvalið úrtak þátttakenda sem svöruðu kalli okkar um þátttöku í rannsókninni. Auglýst var eftir þátttakendum á samfélagsmiðlinum Facebook, en auglýsingu um rannsóknina var deilt víða af aðilum í tengslaneti beggja höfunda og sömuleiðis í stærstu Facebook-hópum landsins, svo sem *Brask og brall*, *Góða systir*, *Feðratíps* og *Beauty Tips*. Þetta var gert í ljósi þess að Facebook er vinsælasti samfélagsmiðill landsins, enda eru nær allir Íslendingar reglulegir notendur miðilsins (Facebook Nation, 2018), og því um hentugan vettvang að ræða til að auglýsa eftir þátttakendum. Skilyrði fyrir þátttöku var að eiga börn á leik- og/eða grunnskólaaldri. Í allt tóku 47 foreldrar þátt í rannsókninni, sjö karlar og 40 konur. Þessi grein byggir á greiningu á opnum hugleiðingum frá þeim 37 mæðrum sem voru í gagnkynja parasamböndum. Einstæðum mæðrum er sleppt í þessari greiningu, þar sem áhersla er lögð á upplifun mæðra sem deila umönnun og heimilisverkum með maka. Um það bil helmingur mæðranna bjó á höfuðborgarsvæðinu ($n = 18$) en búseta hinna var dreifð víðsvegar um landið. Fjöldi barna á heimilum þessara kvenna var mismunandi eða frá einu barni til sex barna, en meirihluti þeirra ($n = 21$) átti tvö börn. Menntunarstig þátttakenda var tiltölulega hátt, en meirihluti mæðranna var með háskólapróf; 14 með bakkalárgráðu og 18 með meistara-gráðu. Meðan á rannsókninni stóð voru 29 mæðranna í launaðri vinnu, fjórar voru í fæðingarorlofi, ein var í sjálfstæðum rekstri, ein var í námi, ein var bæði í námi og í vinnu og ein var öryrki. Í flestum tilfellum voru bæði mæðurnar og makar þeirra fyrirvinnur heimilisins og unnu þau allflest heiman frá á því tímabili sem rannsóknin stóð yfir. Mæðurnar voru í mismunandi starfshlutfalli, eða frá 70 til 100%, meðan á rannsókninni stóð. Einhverjar höfðu lækkað starfshlutfall sitt vegna faraldursins. Í öllum tilfellum fóru börnin eitthvað í skóla en með talsverðum takmörkunum þó.

Eftir að hafa veitt upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni voru þátttakendur beðnir um að svara spurningum varðandi helstu bakgrunnsupplýsingar. Þann 26. mars var þátttakendum svo sendur fyrsti hlekkurinn á dagbókarskráningu og í framhaldinu fengu þau daglega sendan hlekk á dagbókarskráningu viðkomandi dags. Þau voru hvött til að skrifa um daglega upplifun sína og þau áhrif sem Covid-19 hafði á líf þeirra, verkaskiptingu á heimilinu, ábyrgð og líðan meðan á þátttöku í rannsókninni stóð. Rannsóknin fór fram í gegnum Microsoft Forms. Þau gögn sem hér liggja til grundvallar eru ríkuleg, en dagbækurnar sem þessi greining byggir á telja alls um 28.000 orð.

Við greiningu á skráðu hugleiðingum fylgdum við vinnulagi Braun og Clarke (2013), sem byggir á sex skrefum þemagreiningar. Við flokkuðum dagbókartextann eftir þátttakendum og dagsetningum og svo var hann lesinn nokkrum sinnum yfir og minnisþingtar skráðir meðan á lestrinum stóð. Síðan ræddum við innihaldið hvor við aðra. Við kóðun gagnanna var notast við opna kóðun. Síðan voru kóðar flokkaðir og unnið áfram með þau þemu sem endurtekið komu fram í dagbókarskrifunum. Þannig voru þróuð nokkur meginþemu og tvö þeirra eru til umfjöllunar í þessari grein; tilfinninga-vinna og hugræn byrði.

Rannsóknin er ekki leyfissskyld en siðareglur Háskóla Íslands (2019) voru hafðar til hliðsjónar við framkvæmdina. Þátttakendum var heitið nafnleynd og að ekki yrði unnið með persónugreinanlegar upplýsingar. Við gáfum þátttakendum tilviljanakennd númer strax í upphafi til að tryggja nafn-

leysi þeirra. Þátttakendum var frjálst að hætta þátttöku sinni í rannsókninni á hvaða tímapunkti sem er, sem einhver gerðu á forsendum sem eru okkur ókunnar.

Í ljósi þess þrönga tímaramma sem rannsókninni var settur, þar sem okkur þótti mikilvægt að gagnaöflunin færi fram á meðan samkomutakmarkanir stæðu yfir, tókum við ákvörðun um að besta vettvangurinn til að auglýsa eftir þátttakendum væri í gegnum Facebook, í ljósi almennrar virkni á þeim miðli. Það er þó ljóst að það og sá knappi tímarammi sem við unnum með hefur haft áhrif á fjölda þátttakenda og einnig á einsleitni hópsins, sérstaklega hvað varðar menntun og kyn. Við höfðum búið vonir við að kynjahlutfall yrði jafnara svo hægt yrði að vinna með sambærileg gögn frá konum og körlum. Fáir karlar tóku þátt og virkni þeirra í ritun opinna hugleiðinga var ekki jafn mikil og virkni kvennanna.

Niðurstöður og umræða

Sem fyrr segir verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar undir tveimur meginþemum. Fyrra þemað varpar ljósi á birtingarmyndir tilfinningavinnunnar sem mæðurnar lýstu endurtekið í hugleiðingum sínum. Seinna þemað endurspeglar þá miklu hugrænu byrði sem þær upplifðu, sem kristallaðist meðal annars í ábyrgð þeirra á að skipuleggja og verkstýra verkefnum heima fyrir. Því fylgdi mikið álag, enda þurftu þær að endurskipuleggja veruleika sinn og taka ákvarðanir sem þær höfðu ekki staðið frammi fyrir að taka áður.

Tilfinningavinna

Ljóst var af dagbókarfærslum mæðranna að faraldurinn hafði mikil áhrif á daglegt líf þeirra. Það voru ekki aðeins samkomutakmarkanir sem höfðu áhrif heldur fylgdi hinum breytta veruleika einnig mikil óvissa og álag. Undir venjulegum kringumstæðum hefur samræming fjölskyldu og atvinnu reynst foreldrum púsluspil (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019) en sú samræming reyndist enn meiri áskorun þegar heimilin urðu allt í senn; vinnustaðir, skólar og æfinga- og tómstundasvæði, í viðbót við hefðbundnar rútínur heimilisins. Mæðurnar lýstu þirringi, þreytu, stressi og áhyggjum yfir ástandinu. Hið daglega líf þurfti skyndilega að skipuleggja upp á nýtt og þá hafði sú óvissa sem ástandinu fylgdi mikil áhrif á alla fjölskyldumeðlimi, en mæðurnar lýstu því hvernig þær sinntu talsverðri tilfinningavinnu til að gera ástandið sem léttbærast fyrir aðra á heimilinu.

Sem dæmi lýstu mæðurnar því gjarnan hvernig þær legðu áherslu á að sýnast rólegar yfir þessum breytta veruleika til þess að aðrir fjölskyldumeðlimir, þá sérstaklega börnin, yrðu ekki varir við að þær væru órólegar yfir ástandinu og óvissunni sem það hafði í för með sér. Eftirfarandi tilvitnun í móður tveggja barna, níu og tíu ára, sem sinnti starfi sérfræðings í 100% starfi heiman frá meðan maðurinn hennar fór til vinnu, er lýsandi fyrir skrif margra þeirra. Hún lýsti upplifun sinni svona:

Ég nenni ekki þessu ástandi en reyni að vera jákvæð, sérstaklega við manninn og börnin, þau mega alls ekki átta sig á kvíðanum þá verða þau óþarflega hrædd. Ég held áfram í hugleiðslum og yoga til að vinna á þessu, þetta kemur allt.

Eins og fleiri mæður í rannsókninni gerðu dró þessi móðir þarna fram mikilvægi þess að leyna eigin tilfinningum til þess að halda öðrum fjölskyldumeðlimum rólegum og stundaði yoga og hugleiðslu til að þess að reyna að halda ró sinni. Í stað þess að tala opinskátt um líðan sína fannst henni mikilvægt að sýna hana ekki. Slík vinna er þannig ekki bara orkufrek og ósýnileg heldur er henni beinlínis haldið leyndri, en rannsóknir hafa sýnt að það getur komið niður á velferð mæðra (Ciciolla og Luthar, 2019; Curran o.fl., 2015; Daminger, 2019). Hér á eftir fer annað dæmi um slíka tilfinningavinnu, að þessu sinni frá móður þriggja barna á aldrinum tíu til 17 ára sem var í 70% starfi sem hún sinnti mestmegnis heiman frá. Hún sagði:

Dagarnir eru farnir að taka á og ég tek sumarfrí einn dag á morgun. Yngra barninu hentar þetta ekki og fer að gráta yfir öllu sem á móti blæs, jafnvel bara þegar hún er beðin um að lesa eða fara með sokkana sína upp. Mín litla þolinmæði er á þrotum en ég reyni mitt besta að láta hana ekki sjá það.

Mæðrunum varð mörgum hverjum tíðrætt um hversu erfitt ástandið væri börnunum. Hin daglega rútína var ekki til staðar og hinar önnur köfnu fjölskyldur, sem dags daglega hittust kannski ekki nema rétt í lok dags, vörðu nú öllum deginum innan veggja heimilisins. Slíkar breytingar höfðu vissulega mikil áhrif á börnin, líkt og móðir í fullu starfi, með fimm og átta ára gömul börn, lýsir hér: „Erfiður dagur í dag þar sem dóttirin grét af söknuði eftir vinkonum. Nám sat því á hakanum og dagurinn fór mikið til í að sinna börnum andlega.“ Það tók mikið á að eiga að sinna fullu starfi meðfram þessum verkefnum sem valda miklu andlegu álagi og einn af rauðu þráðunum í skrifum mæðranna var hvernig umhyggja og hvers konar umönnun varð stór partur af daglegri rútínu.

Auðvitað þýðir það ekki að mæður sýni ekki umhyggju og setji umönnun barna sinna ekki í forgang í daglegu lífi en ljóst er að sá hluti hefðbundinnar rútínu þeirra mæðra sem þátt tóku í rannsókninni jókst verulega með tilheyrandi álagi. Bjørnholt (2020) hefur bent á að Covid-19 hafi einmitt dregið fram í dagsljósið að umhyggja sé ein meginundirstaða hvers samfélags og hugleiðingar mæðranna bera þess vitni að sá hluti heimilislífsins hafi þyngst verulega í fyrstu bylgju faraldursins, enda skóla- og tómstundahald verulega skert og vinna af þessu tagi tilfinningalega krefjandi og krefst góðs skipulags. Það má færa rök fyrir því að konur hafi í meiri mæli en áður þurft að nýta ástarkrafta sína, þar sem þær lýstu því hvernig þær létu nám og störf sitja á hakanum og settu umönnun og líðan barna sinna í forgang. Þannig getur veruleiki heimilislífsins endurspeglad samfélagslega strúktúra utan þess, þar sem umönnun í víðum skilningi er á herðum kvenna og rænir þær ástarkrafti (Anna G. Jónasdóttir, 2011; 2014), sem til dæmis launuð umönnunarstörf í samfélaginu bera glöggt vitni um.

Mörg barnanna söknuðu þess að mæta í skóla og tómstundir og í dagbókum mæðranna kom skýrt fram hversu oft börnin voru pirruð og örg yfir ástandinu. Líðan barnanna hafði vissulega áhrif á líðan mæðranna, líkt og sést á þessari dagbókarfærslu móður þriggja barna á aldrinum fimm til 16 ára, sem stundar fullt nám:

Yngsta barnið okkar er á leikskólaaldri og finnst erfitt að komast ekki í leikskólann alla daga, verður eirðarlaus og þarf að hafa ofan af fyrir henni. Ég veit líka að þegar börnin verða óróleg verð ég stressaðri og fer að bera meira á kvíða hjá mér.

Ástandið var þannig margslungið og dagbókarskrif mæðranna endurspegla hvernig tími sem varið var í ólaunaða vinnu jókst verulega á sama tíma og þær reyndu að halda í við kröfur vinnustaða í launavinnunni. Þrátt fyrir að vinnunni væri sinnt heiman frá, samhliða umönnun barna og öðrum fylgifyskum ástandsins, minnkuðu kröfur um afköst ekki endilega. Samviskubit yfir afköstum í vinnu bættist þannig ofan á allt annað. Þessi skrif verkefnastjóra með tvö ung börn eru lýsandi fyrir þátt vinnunnar í daglegu lífi mæðranna í fyrstu bylgjunni:

Ég finn fyrir miklu álagi sem tengist þessu ástandi. Eftir að hafa fengið tíma-bundinn slaka í vinnunni er nú allt komið á fullt og ennþá meiri áhersla en áður á að verkefni haldi áætlan. Þetta setur mikla pressu þar sem lítið hefur mjakast í verkefnum síðasta einn og hálfu mánuðinn. Ég er orðin langþreytt á ástandinu. Langar ekki að halda áfram með umgengistakmarkanir, er við það að fá frekju-kast yfir aðstæðum. En áfram gakk, einn dag í einu. Öll el birtir upp um síðir.

Það vekur athygli í skrifum mæðranna hversu mikilvægt þeim þykir að láta engan bilbug á sér finna og áhersla á að halda í jákvæðnina var nokkuð áberandi. Mikil orka virtist fara í að halda í gleðina og halda öllu góðu. Það virtist vera hlutverk mæðranna í mörgum fjölskyldum að passa upp á að hið daglega líf gengi snurðulaust fyrir sig. Eftirfarandi er lýsing þriggja barna móður:

Álag er á heimilinu, kallinn hvessti sig hressilega á tuð milli barna í morgun og allt sprakk í loft, 2 börn grátandi og ég talaði við kallinn og reyndi að minna hann á að taka tillit til álags á börnin.

Bent hefur verið á að erfitt geti verið að mæla þann tíma sem fer í ósýnilega vinnu, líkt og tilfinningavinnu og hugræna byrði, því hún sé iðulega innt af hendi samhliða öðrum störfum (Robertson o.fl., 2019). Rannsóknir benda til þess að meira tilkall sé gert til tíma kvenna en karla (Bryson, 2016; Bryson og Deery, 2010), oft af hálfu barna (Sullivan og Gershuny, 2018), og að þær séu líklegri til að gera marga hluti í einu (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Thamar Heijstra, 2013). Visbendingar um þetta komu fram í skrifum mæðranna. Þannig lýstu nokkrar þeirra hvernig þær tækju minni tíma fyrir sig en eiginmenn þeirra og héldu mörgum boltum á lofti í einu. Hér er dæmi frá móður tveggja barna á aldrinum fimm og níu ára um hvernig ástandið afhjúpaði kynjaða verkaskiptingu heimilisins og kynjað eignarhald á tíma:

Við vissum alveg að skiptingin okkar er frekar jöfn á venjulegum tímum en þegar við erum bæði heimavinnandi er klárt mál að hann tekur sér meira rými þegar hann þarf til að sinna „sínu“ og ég hleyp til og sprett upp úr vinnu mun meira en hann.

Þarna afhjúpast verkaskipting sem segja má að ára kynjajafnréttis (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012) hafi skyggt á, þar sem staðan er önnur þegar á reynir en hjónin höfðu gefið sér. Af skrifum kvennanna að dæma má segja að ástandið hafi afhjúpað hlutverk mæðranna í að halda heimilislífinu gangandi, róa fólkið sitt og halda friðinn þrátt fyrir að þær sjálfar upplifðu vissulega mikla óvissu og álag í vinnu. Tilfinningavinnan sem mæðurnar sem þátt tóku í rannsókninni lýstu var veruleg og bæði orku- og tímafrek. Þannig virðist faraldurinn hafa dregið fram og endurskapað með skýrum hætti söguleg hlutverk kynjanna þar sem konur, í krafti ástarinnar (Anna G. Jónasdóttir, 2011, 2018), taka í miklum mæli að sér að veita umhyggju í fjölskyldum. Niðurstöður Auðar Magnðísar Auðardóttur og Önnudísar Rúðólfsdóttur (2020) ríma við þessar niðurstöður, en rannsókn þeirra varpaði áhuga-verðu ljósi á ríkjandi orðræðu um foreldrahlutverkið í Covid-19. Þar mátti meðal annars sjá hversu kynjuð orðræðan um foreldrahlutverkið er, meðal annars um umönnunar- og tilfinningavinnu af þessu tagi, og hvað foreldrar áttu í mikilli togstreitu um tímann (sjá einnig Annadís G. Rúðólfsdóttir og Auður Magnðís Auðardóttir, 2020).

Hugræn byrði

Þegar rætt er um verkaskiptingu á heimilum er mikilvægt að gera greinarmun á hlutverki þess sem ber ábyrgð og þess sem hjálpar til. Sá sem ber ábyrgðina heldur utan um daglegt líf fjölskyldunnar, verkstjórn og skipulag, eða ber hina hugrænu byrði (Ciciolla og Luthar, 2019; Curran o.fl., 2015; Robertson o.fl., 2019). Í hugleiðingum mæðranna endurspegladist glögglega sú mikla hugræna byrði sem var hluti af daglegu lífi þeirra. Eftirfarandi tilvitnun í móður í fullu starfi, með tveggja ára barn á heimilinu, fangar þetta vel, en hún skrifaði:

Mér finnst ég hafa breyst í verkstjóra hérna á heimilinu, er að reyna að hafa meiri yfirsýn yfir hvað þarf að gera og virkja manninn minn, þannig að það endi ekki bara allt í drasli, og ég vil ekki þurfa að sjá um allt ein. Þannig að ég er búin að halda fjölskyldufund og setja upp skýra verkaskiptingu. Hann sér um matseld, uppvask og þvottinn, og ég sé um tiltekt, frágang og þrif. Yfirleitt hefur ekki verið nein skýr verkaskipting hjá okkur, en núna varð það algjör nauðsyn.

Þarna kemur skýrt fram hvernig móðirin fann sig knúna til að setja saman skipulag og taka frumkvæði og ábyrgð á því að gerð sé nauðsynleg verkaskipting á heimilinu. Eftirfarandi tilvitnun í móð-

ur tveggja og sjö ára gamalla barna er á sömu nótum; „Yfirleitt er það ég sem þarf að sjá til þess að hlutirnir ganga.“ Móðir þriggja barna á aldrinum sex til 13 ára lýsti ástandinu svona á sínu heimili:

Ég varð þreytt í dag og ávítaði eiginmanninn. Ég sé um verkstjórn, verkaskiptingu og tek mesta ábyrgð á námi og æfingum barnanna. Mér finnst við vera hættulega nálægt kynjaþróun eins og hún var fyrir miðja síðustu öld. Þá er það á minni ábyrgð að minna á að svo eigi ekki að vera og enn bætist þá í ábyrgðarpakkann.

Eins og sjá má af skrifum hennar bætist verkstjórnin, og ábyrgðin á því að verkaskiptingin gengi eftir, við annað álag og ábyrgð sem hún lýsti að væri á hennar herðum. Þannig má segja að það verkefni að gæta þess að mæta nútíma hugmyndum um æskilega stöðu í jafnréttismálum bætist við önnur verkefni. Svo virðist sem það ástand sem skapaðist í kjölfar samkomutakmarkana hafi dregið fram í dagsljósið kynjaða verkaskiptingu á mörgum heimilum. Líklega hefur ástandið ekki breytt verkaskiptingunni heldur frekar varpað ljósi á ólíka stöðu og hlutverk mæðra og feðra þegar takturinn í heimilislífinu breyttist og fleiri verkefni færðust inn á heimilið. Af orðum mæðranna má greina vonbrigði með stöðu mála. Þá upplifun má tengja við hina sterku áru kynjajafnréttis (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012) og sjálfsmynd þjóðarinnar þegar kemur að frammistöðu í jafnréttismálum (Þorgerður J. Einarsdóttir, 2020), þegar vonbrigðin eru sett í samhengi við væntingar um og trú á að staðan sé jafnari en hún svo er þegar á reynir.

Fræðafólk hefur bent á að hugræn byrði geti haft áhrif á lífsgæði og velferð mæðra sem bera hitann og þungann af henni (Ciciolla og Luthar, 2019; Daminger, 2019). Sumar virðast þó líta þannig á að skýrari verkaskipting geti verið grundvöllur aukinnar velferðar, líkt og þessi tveggja barna móðir lýsir hér: „Allir eru með ákveðin verkefni á heimilinu ef heimilislífið á að ganga upp án þess að ég missi vitið.“ Það getur þannig verið snúið að ætla sér ekki að verkstýra og dreifa verkefnum vegna álagsins sem því fylgir en á sama tíma að upplifa að verkstjórnin skýri hlutverk og létti álagið. Enda voru dæmi um að mæðurnar upplifðu orkuleysi og depurð yfir ástandinu, sérstaklega ef hlutirnir voru ekki í réttum skorðum á heimilinu, eins og sjá má af þessum skrifum: „Depurð helltist yfir mig út af þessu skrítna ástandi. Hafði litla einbeitingu í vinnuverkefnum. Pirraði mig á ástandi heimilisins en hafði ekki orku í að gera neitt í því.“

Í hugrænni byrði er einnig fólgin ákvarðanataka. Á nútímaheimilum eru ótal margar ákvarðanir sem þarf að taka, bæði smáar og stórar. Þegar aðstæður fólks breytast jafn snögglega og gerðist í kjölfar samkomutakmarkana í fyrstu bylgju Covid-19 þurfti að taka æði margar ákvarðanir um hvernig bregðast ætti við breyttum aðstæðum. Hér lýsir móðir fjögurra barna á leik- og grunnskólaaldri upplifun sinni hvað þetta varðar; „Svo eru þetta svo klickaðir tímar að dilemmað við að maður sé að taka réttar ákvarðanir t.d. í tengslum við skóla barnanna er talsvert mikið, auk áreitisins sem af þessu stafar.“ Skyndilega stóðu foreldrar frammi fyrir því þurfa að taka ákvarðanir um atriði sem ekki hefur þurft að hugsa mikið um áður, til dæmis hvort senda eigi börn í skóla eða halda þeim heima, hvort eigi að leyfa börnum að umgangast vini og hvernig skuli taka ábyrgð gagnvart fjölskyldumeðlimum í áhættuhópum. Þetta voru allt dæmi um ákvarðanir sem hvíldu á þátttakendum. Hér á eftir fer annað dæmi sem endurspeglar þennan veruleika enn betur, þar sem óvissa og flóknar ákvarðanir leituðu á hugann og tóku mikla orku:

Þrátt fyrir mikla líkamlega hvíld undanfarið hefur hugurinn verið á hringsóli við áhyggjur og erfiðar ákvarðanir (ættu börnin að fara í skóla eða ekki? Má ég hitta hjartveika pabba minn ef ég held 2 metrum á milli? Þarf að sótthreinsa alla matvöru sem kemur heim? Má einhvern tímann ferðast aftur? Hvað ef Ísland fær ömurlegt rigningarsumar og algjört ferðabann verður og allir þurfa að hanga heima í stofu í marga mánuði í viðbót? Og svo frv. og frv.).

Samkvæmt upplifun mæðranna voru það ekki endilega sjálf húsverkin sem ollu þeim mestu álagi heldur hin hugræna byrði sem þær áttu það sammerkt að bera. Hér lýsir móðir tveggja leik- og grunnskólabarna upplifun sinni af þessari ábyrgð á tímum faraldursins: „Ég meika ekki þetta ástand lengur og þarf frí... ekki frí frá þvotti og heimilistörfum í nokkrar klst... heldur frí frá að bera ábyrgð á allri ákvörðunartöku.“ Orð þessarar móður varpa ljósi á hvernig það var ef til vill ekki hin líkamlega vinna sem reyndist orkufrekust heldur hin hugræna. Skrif þessara mæðra sýna að það voru þær sem upplifðu að hitinn og þunginn af hinni hugrænu byrði lægi á þeim, en ekki á maka þeirra. Þannig ríma niðurstöður þessarar rannsóknar við niðurstöður erlendra rannsókna um að hin hugræna byrði sé frekar á herðum mæðra en feðra (Ciciolla og Luthar, 2019; Daminger, 2019). Þessar niðurstöður styðja því við kenningar Önnu G. Jónasdóttur (2011, 2014) um að valdaójafnvægi í gagnkynja parasamböndum eigi sér rætur í ástarkrafti kvenna og samfélagslegum hugmyndum um umönnunarhlutverk þeirra. Því fylgdi mikið álag þegar hið önnur kafna daglega líf fór á hliðina á mjög stuttum tíma. Endurskipulagningunni fylgdi mikil vinna og eins og sjá má á skrifum mæðranna er það upplifun þeirra að þær beri frekar ábyrgð á tilfinningavinnu og hugrænni byrði fjölskyldulífsins. Óvissan var mikil en þær lögðu sig fram við að láta hvergi bilbug á sér finna, róa aðra fjölskyldumeðlimi og sjá til þess að skipulag heimilisins rynni smurt á þessum skrítnu tímum krísuástands.

Lokaorð

Á tímum sem þessum höfum við rækilega verið minnt á mikilvægi umönnunarstarfa af ýmsum toga, bæði launaðra og ólaunaðra. Ljóst er að verðmætasköpun í samfélaginu grundvallast á þessum störfum, sem nú hafa verið skilgreind sem framlínustörf. Það eru ekki einungis konur sem sinna ólaunuðum störfum inni á heimilum, en mælingar sýna að konur og stúlkur um allan heim taka á sig megnið af ólaunaðri umhyggjuvinnu (e. *care work*) inni á heimilum, eða um 75%. Þetta framlag kvenna hefur um langt skeið verið grundvöllur nútíma hagkerfa og hagvaxtar (da Silva, 2019) og hefur orðið enn fyrirferðarmeira í faraldrinum. Niðurstöður þessarar rannsóknar, líkt og erlendra rannsókna á stöðunni í faraldrinum, endurspeglar hversu mikla ábyrgð konur bera á ólaunuðum umönnunarstörfum inni á heimilunum; störfum sem grundvallast á umhyggju og tilfinningum, líkt og bæði tilfinningavinnan og hugræna byrðin. Stórar kvennastéttir sinna jafnframt vinnu af þessu tagi í launuðum störfum sínum og því má gera ráð fyrir að stórir hópar vinnandi kvenna hafi verið undir miklu andlegu álagi undanfarna mánuði. Séu þessar niðurstöður settar í samhengi við hugmyndir Önnu G. Jónasdóttur (2011; 2014; 2018) má leiða líkum að því að í faraldrinum hafi farið fram arðrán á ástarkrafti kvenna, bæði innan veggja heimilisins sem og í störfum þeirra. Það verður mikilvægt að fylgjast vel með langtímaáhrifum þessa raunveruleika á líðan kvenna.

Þó að Ísland standi framarlega á alþjóðlegum mælikvörðum á jafnrétti og þátttöku kvenna í opinbera lífinu, og orðræðan í samfélaginu sé oft á þá leið að jafnrétti sé „náð“ benda niðurstöður þessarar rannsóknar til þess að kórónaveirufaraldurinn hafi dregið fram í dagsljósið að svo er ekki. Rauður þráður í lýsingum kvennanna var hin mikla ábyrgð sem þær báru innan heimilisins, samhliða mikilli þátttöku á atvinnumarkaðinum. Átti það ekki sist við um tilfinningavinnu og hugræna byrði. Þannig virðist staðan á Íslandi ekki vera öðruvísi en víða um heim (t.d. Andrew o.fl., 2020; Carlson o.fl., 2020; Qian og Fuller, 2020), þrátt fyrir vænlegri stöðu á jafnréttismælikvörðum. Fortier (2020) hefur bent á mikilvægi þess að þó að hið opinbera geti átt erfitt með að bregðast við svo skyndilegum breytingum sé mikilvægt að bæði stjórnvöld og atvinnurekendur átti sig á áhrifum faraldursins á konur og taki tillit til kynjaðrar verkaskiptingar í stefnumótun sinni í framhaldinu, sé á annað borð vilji til að vinna að jafnari stöðu kvenna og karla í hinu opinbera lífi.

Þessi rannsókn er gerð í fyrstu bylgju Covid-19, þegar íslenskar fjölskyldur þurftu að lúta ströngum samkomutakmörkunum sem höfðu mikil áhrif á daglegt líf. Þrátt fyrir harðar takmarkanir á haustdögum 2020 var starf leik- og grunnskóla mun eðlilegra en í fyrstu bylgjunni. Þessi rannsókn varpar því ljósi á líf fjölskyldna, frá sjónarhóli mæðra, í afar óvenjulegum aðstæðum þar sem óvissa

ríkti um þróun faraldursins og álagið á fjölskyldur var eftir því. Út frá reynsluheimi mæðranna í rannsókninni má gera ráð fyrir því að áhersla stjórnvalda á sem eðlilegast skólastarf í seinni bylgjum faraldursins hafi verið mikilvæg fyrir líðan og álag á fjölskyldur, ekki síst mæðurnar. Ný úttekt á vegum Vörðu, rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins (2021), gefur þó fullt tilefni til að hafa áhyggjur af langtímaáhrifum faraldursins á líðan og stöðu kvenna, en samkvæmt úttektinni skora konur á vinnumarkaði lægra en karlar á öllum mælikvörðum sem meta andlega heilsu og líðan. Þær niðurstöður má ekki slíta úr samhengi við flókinn raunveruleika vinnandi mæðra og samspil álags heima fyrir og á vinnustaðnum. Í því samhengi viljum við sérstaklega draga fram þá staðreynd að mæðurnar í þessari rannsókn voru alla jafna konur í nokkuð sterkri félagslegri stöðu – þær áttu maka, voru vel menntaðar og þær og makar þeirra voru í nokkuð öruggum störfum. Samt sem áður upplifðu þær mikið álag og sinntu mikilli ólaunaðri vinnu innan heimilisins samhliða launaðri vinnu. Í þessu ljósi teljum við mikilvægt að afla þekkingar á og taka alvarlega stöðu þeirra fjölmörgu kvenna sem eru í annarri og viðkvæmari stöðu en mæðurnar í þessari rannsókn.

Viða hefur verið talað um að faraldurinn hafi valdið bakslagi í jafnréttismálum en við drögum þá ályktun, af þeim gögnum sem hér voru til greiningar, að ástandið í fyrstu bylgju faraldursins hafi öllu heldur dregið fram og varpað ljósi á dulda strúktúra sem voru nú þegar til staðar í samfélaginu. Með öðrum orðum var það ekki Covid-19 sem skapaði þetta ójafnvægi heldur varpaði það ljósi á veruleika sem þegar var til staðar – mæður og feður stóðu ekki jafnfætis þegar blásið var til leiks. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á veruleika þar sem þær töldu sig axla þyngri byrðar en makar þeirra, ekki síst þegar kemur að störfum sem falla undir hina þriðju vakt.

Heimildaskrá

- Alon, T. M., Doepke, M., Olmstead-Rumsey, J. og Tertilt, M. (2020). *The impact of COVID-19 on gender equality*. CRC TR 224 Discussion paper series. University of Bonn and University of Mannheim. <https://www.crcr224.de/en/research-output/discussion-papers/discussion-paper-archive/2020/the-impact-of-covid-19-on-gender-equality-titan-alon-matthias-doecke-jane-olmstead-rumsey-michele-tertilt>
- Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir. (2019). „Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli.“ Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(1), 4–19.
- Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2020). “I have turned into a foreman here at home.” Families and work-life balance in times of Covid-19 in a gender equality paradise. *Gender, Work and Organization*. <https://doi.org/10.1111/gwao.12552>
- Andrew, A., Cattan, S., Costa Dias, M., Farquharson, C., Kraftman, L. og Krutikova, S. (2020). *How are mothers and fathers balancing work and family under lockdown?* The Institute for Fiscal Studies. <https://www.ifs.org.uk/uploads/BN290-Mothers-and-fathers-balancing-work-and-life-under-lockdown.pdf>
- Anna G. Jónasdóttir. (2011). What kind of power is ‘love power’? Í Anna G. Jónasdóttir, Valerie Bryson og Kathleen B. Jones (ritstj.), *Sexuality, gender and power: intersectional and transnational perspectives* (bls 45–59). Routledge.
- Anna G. Jónasdóttir. (2014). *Love studies: A (re)new(ed) field of feminist knowledge interests*. Í Anna G. Jónasdóttir og Ann Ferguson (ritstj.), *Love. A question for feminism in the twenty-first century* (bls. 11–32). Routledge.
- Anna G. Jónasdóttir. (2018). The difference that love (power) makes. Í Adriana García-Andrade, Lena Gunnarsson og Anna G. Jónasdóttir (ritstj.), *Feminism and the power of love: Interdisciplinary interventions* (bls. 15–35). Routledge.
- Annadís Greta Rúdólfssdóttir og Auður Magndís Auðardóttir. (2020). Skipulagið er komið út í bílskúr: Fjölskyldulíf, heimanám og COVID-19. *Netla – Vefritarir um uppeldi og menntun: Sérrið 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.17>
- Auður Magndís Auðardóttir og Annadís G. Rúdólfssdóttir. (2020). Chaos ruined the children’s sleep, diet and behaviour: Gendered discourses on family life in pandemic times. *Gender, Work and Organization*. <https://doi.org/10.1111/gwao.12519>
- Ásdís A. Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2013). Equal rights to paid parental leave and caring fathers – the case of Iceland. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 9(2), 323–324.
- Bjørnholt, M. (2020). Care, work and the creation of value in the pandemic. *Cambio. Rivista sulle trasformazioni sociali* [OpenLab on Covid-19]. doi:10.13128/cambio-8995
- Bolger, N., Davis, A. og Rafaeli, E. (2003). Diary methods: Capturing life as it is lived. *Annual Review of Psychology*, 54(1), 579–616.
- Bonke, J. og McIntosh, J. (2005). Household time allocation. Theoretical and empirical results from Denmark. *Electronic International Journal of Time Use Research*, 2(1), 1–12.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*. SAGE.

- Bryson, V. (2011). Sexuality: The contradiction of love and work. Í A. G. Jónasdóttir, V. Bryson og K. B. Jones (ritstj.), *Sexuality, gender and power: intersectional and transnational perspectives* (bls. 60–74). Routledge.
- Bryson, V. (2016). Time, power and inequalities. Í A. Hom, C. McIntosh, A. McKay og L. Stockdale (ritstj.), *Time, temporality and global politics* (bls. 102–114). E-International Relations.
- Bryson, V. og Deery, R. (2010). Public policy, ‘men’s time’ and power: The work of community midwives in the British National Health Service. *Women’s Studies International Forum*, 22, 91–98.
- Carlson, D. L., Petts, R. og Pepin, J. (2020). *Changes in parents’ domestic labor during the COVID-19 pandemic* [working paper]. SocArXiv. <https://osf.io/preprints/socarxiv/jy8fn/>. <https://doi.org/10.31235/osf.io/jy8fn>
- Ciciolla, L. og Luthar, S. S. (2019). Invisible household labor and ramifications for adjustment: mothers as captains of households. *Sex Roles*, 81(7–8), 467–486. doi:10.1007/s11199-018-1001-x
- Collins, C. (2020). Is maternal guilt a cross-national experience? *Qualitative Sociology*. <https://doi.org/10.1007/s11133-020-09451-2>
- Collins, C., Landivar, L. C., Ruppanner, L. og Scarborough, W. J. (2020). COVID-19 and the gender gap in work hours. *Gender, Work and Organization*. <https://doi.org/10.1111/gwao.12506>
- Craig, L. og Brown, J. E. (2017). Feeling rushed: Gendered time quality, work hours, nonstandard work schedules, and spousal crossover. *Journal of Marriage and Family*, 79(1), 225–242. <https://doi.org/10.1111/jomf.12320>
- Craig, L. og Churchill, B. (2020). Dual-earner parents’ couples work and care during COVID-19. *Gender, Work and Organization*. <https://doi.org/10.1111/gwao.12497>
- Curran, M. A., McDaniel, B. T., Pollitt, A. M. og Totenhagen, C. J. (2015). Gender, emotion work, and relationship quality: A daily diary study. *Sex Roles*, 73(3–4), 157–173. doi:10.1007/s11199-015-0495-8
- da Silva, J. M. (2019). Why you should care about unpaid care work. *OECD Development matters*. Sótt af <https://oecd-development-matters.org/2019/03/18/why-you-should-care-about-unpaid-care-work/>
- Daminger, A. (2019). The cognitive dimension of household labor. *American Sociological Review*, 84(4), 609–633. <https://doi.org/10.1177/0003122419859007>
- Erickson, R. J. (2005). Why emotion work matters: Sex, gender, and the division of labor. *Journal of Marriage and Family*, 67(2), 337–351.
- Erickson, R. J. og Ritter, C. (2001). Emotional labor, burnout, and inauthenticity: Does gender matter? *Social Psychology Quarterly*, 64(2), 146–163.
- Facebook Nation: 93% of Icelanders use Facebook on a regular basis. (2018, 4. júlí). Iceland magazine. <https://iceland-mag.is/article/facebook-nation-93-icelanders-use-facebook-a-regular-basis>
- Ferguson, A. og Anna G. Jónasdóttir (2014). Introduction. Í Anna G. Jónasdóttir og Ann Ferguson (ritstj.), *Love. A question for feminism in the twenty-first century* (bls. 1–10). Routledge.
- Fortier, N. (2020). COVID-19, gender inequality, and the responsibility of the state. *International Journal of Wellbeing*, 10(3), 77–93. <https://doi.org/10.5502/ijw.v10i3.1305>
- Friedman, S. (2015). Still a “stalled revolution”? Work/family experiences, hegemonic masculinity, and moving toward gender equality. *Sociology Compass*, 9(2), 140–155. <https://doi.org/10.1111/soc4.12238>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3(1), 5–18.
- Hagstofa Íslands. (2020). Óleiðréttur launamunur kynjanna 2008–2017. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur__1_laun__2_launamunurkynjanna/LAU02000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7920adaa-d9b2-4162-84a6-1c736dc4d864
- Háskóli Íslands. (2019, 5. desember). Siðareglur. <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>
- Háskóli Íslands. (2021, 11. febrúar). Hvaða áhrif hefur kófið á kynjajafnrétti? Sótt af https://www.hi.is/frettir/hvada_ahrif_hefur_kofid_a_kynjajafnretti/
- Hennekam, S. og Shymko, Y. (2020). Coping with the COVID-19 crisis: force majeure and gender performativity. *Gender, Work and Organization*, 27, 788–803. doi:10.1111/gwao.12479
- Hochschild, A. R. (1983). *The managed heart*. University of California Press.
- Hochschild, A. R. og Machung, A. (1989). *The second shift: Working parents and the revolution at home*. Viking Press.
- Ingólfur V. Gíslason og Sunna Símonardóttir. (2018). Mothering and gender equality in Iceland: irreconcilable opposites? *Social Policy and Society*, 17(3), 457–466. <https://doi.org/10.1017/S1474746417000525>
- Kan, M. Y. (2008). Measuring housework participation: the gap between “stylised” questionnaire estimates and diary-based estimates. *Social Indicators Research*, 86(3), 381–400. <https://doi.org/10.1007/s11205-007-9184-5>
- Kitterød, R. H. og Lyngstad, T. H. (2005). Diary versus questionnaire information on time spent on housework – The case of Norway. *Electronic International Journal of Time Use Research*, 2(1), 13–32.
- Knight, C. R. og Brinton, M. C. (2017). One egalitarianism or several? Two decades of gender-role attitude change in Europe. *American Journal of Sociology*, 122(5), 1485–1532. <https://doi.org/10.1086/689814>
- Kristín Sandra Karlsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir. (2020). Vörumerkið jafnrétti í utanríkisstefnu Íslands. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(1), 65–82.
- Manzo, L. K. C. og Minello, A. (2020) Mothers, childcare duties, and remote working under COVID-19 lockdown in Italy: Cultivating communities of care. *Dialogues in Human Geography*, 10(2), 120–123. <https://doi.org/10.1177/2043820620934268>
- Miller, T. (2018). Paternal and maternal gatekeeping? Choreographing care. *Sociologica*, 12(3), 25–35. <https://doi.org/10.6092/issn.1971-8853/9083>

- OECD. (2020). *Labour Force Statistics*. https://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=LFS_SEXAGE_I_R
- Ólöf Júlíusdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2018). Top managers and the gendered interplay of organization and family life: the case of Iceland. *Gender in Management: An International Journal*, 33(8), 602–622. <https://doi.org/10.1108/GM-03-2017-0028>
- Power, K. (2020). The COVID-19 pandemic has increased the care burden of women and families. *Sustainability: Science, Practice and Policy*, 16(1), 67–73. doi:10.1080/15487733.2020.1776561
- Qian, Y. og Fuller, S. (2020). COVID-19 and the gender employment gap among parents of young children, *Canadian Public Policy*, 46(2), 89–101. <https://doi.org/10.3138/cpp.2020-077>
- Rafnsdóttir, G. L. og Heijstra, T. M. (2013). Balancing work–family life in academia: The power of time. *Gender, Work and Organization*, 20(3), 283–296. <https://doi.org/10.1111/j.1468-0432.2011.00571.x>
- Robertson, L. G., Anderson, T. L., Hall, M. E. L. og Kim, C. L. (2019). Mothers and mental labor: A phenomenological focus group study of family-related thinking work. *Psychology of Women Quarterly*, 43(2), 184–200. <https://doi.org/10.1177/0361684319825581>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2021). *Upplýsingasíða vegna Covid-19*. Sótt af <https://www.samband.is/um-sambandid/upplýsingasida-vegna-covid-19/>
- Schwanen, T. (2007). Gender differences in chauffeuring children among dual-earner families. *The Professional Geographer*, 59(4), 447–462.
- Sullivan, O. og Gershuny, J. (2018). Speed-Up society? Evidence from the UK 2000 and 2015 time use diary surveys. *Sociology*, 52(1), 20–38. <https://doi.org/10.1177/0038038517712914>
- Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. (2021). *Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB*. Sótt af https://www.asi.is/media/317054/stada-launafolks-a-islandi-2021.pdf?fbclid=IwAR0ZT0X-F_1Y8X1z2piCxCj_j4pmFcju9a4c6vnzyDUjMe7-6Kb5nR-AvTiM
- World Economic Forum. (2020). *The global gender gap report*. <https://www.weforum.org/reports/gender-gap-2020-report-100-years-pay-equality>
- Þorgerður J. Einarsdóttir. (2020). All that glitters is not gold: Shrinking and bending gender equality in rankings and nation branding. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 28(2), 140–152. <https://doi.org/10.1080/08038740.2020.1745884>
- Þóra Kristín Þórsdóttir. (2012). Vinna og heimilislíf. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun velferðarinnar 1998–2008* (bls. 301–322). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2017). University pathways of urban and rural migration in Iceland. *Journal of Rural Studies*, 54, 244–254. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2017.07.001>

Um höfunda

ANDREA HJÁLMSDÓTTIR (andrea@unak.is) er lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk meistaraþráðu í félagsfræði frá University of British Columbia í Kanada og stundar nú doktorsnám í félagsfræði við Háskóla Íslands.

VALGERÐUR S. BJARNADÓTTIR (vsb@hi.is) er nýdóktor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá Menntavísindasviði árið 2019 og meistaraþrófi í alþjóðamenntunarfræðum frá Stokkhólmsháskóla.